

Mánudaginn 31. maí 1926.

Nr. 19/1926. **Hreppsnefnd Þingvallahrepps**
 (Guðm. Ólafsson)
 gegn
hreppsnefnd Grímsneshrepps
 (Lárus Jóhannesson).

Um útsvarsskyldu.

Úrskurður fúgetarjettar Árnessýslu 31. maí 1925: Umbeðið lögtað skal ekki fram fara.

Dómur hæstarjettar.

Áfrýjandi, hreppsnefnd Þingvallahrepps, hefir fengið gjafsókn í máli þessu og skipaðan málflutningsmann, og stefndi, hreppsnefnd Grímsneshrepps, hefir og fengið gjafvörn í málinu og skipaðan málflutningsmann.

Þar sem 1. gr. laga nr. 29, 19. júní 1922, heimilur eigi að leggja aukaútsvar á Grímsneshrepp fyrir upprekstrarrjett þann, er hreppurinn á í Þingvallahreppi og ræðir um í málinu, ber að staðfesta hinn áfrýjaða fúgetarjettarúrskurð.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða kaup hins skipaða málflutningsmanns stefnda í hæstarjetti, er ákveðst 80 kr., en kaup hins skipaða málflutningsmanns áfrýjanda 80 kr. greiðist af almennafje. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða fúgetarjettarúrskurði skal óraskað.

Áfrýjandi, hreppsnefnd Þingvallahrepps, greiði málflutningskaup hins skipaða málflutningsmanns stefnda, hæstarjettarmálflutningsmanns

Lárusar Jóhannessonar, 80 kr. Málflutningskaup hins skipaða málflutningsmanns áfrýjanda, hæstarjettarmálflutningsmanns Guðmundar Ólafssonar, 80 kr., greiðist af almannafje. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Haustið 1924 lagði hreppsnefnd Þingvallahrepps útsvar á Grímsneshrepps að fjárhæð 150 kr. Rjett til álagningar þessarar byggir lögtaksbeiðandi á því, að samkvæmt konungsúrskurði 14. jan. 1896 hafi lögtaksþoli eignast allstóra landspildu úr afrjettarlandi Þingvallakirkju innan Þingvallahrepps til eignar, afnota og umráða og beri því að greiða útsvar til Þingvallahrepps

Heimild til þessa útsvarsálags mun eiga að vera í ákvæðum 1. gr. laga nr. 29, 19. júní 1922, um að gjöra mönnum útsvar, er hafa ábúð á jörð eða jarðarluta, leiguliðaafnot af jörð eða lóðarafnot, sem einhvern arð gefa, í sveitarfjelagi utan síns lögheimilis.

Það er upplýst að lögtaksþoli hefir notað greinda afrjettarspildu til uppreksturs sandfjár á sumrum og annars ekki.

Ábúð á jörð geta slík afnot ekki kallast og því síður leiguliðaafnot, eins og þau eru takmörkuð í greindum ákvæðum („svo sem slægjuafnot“). Hinsvegar verður með skýrskotun til nýgreindrar takmörkunar heldur eigi talið að orðið „lóðarafnot“ eigi við búnaðarafnot jarða, því við það yrði ósamræmi milli ákvæðanna. Almenn skilyrði fyrir að beita greindum ákvæðum verður að telja, að afnotin sje rekin sem atvinna en það er víst, að lögtaksþoli með engu móti getur kallast reka atvinnu með upprekstrarafnotum þessum. Þá mun það mjög hæpið að greind ákvæði um jarðarafnot ná til afrjetta enda afrjettarspilda þessi ekki metin til fasteignaverðs, fremur en aðrar afrjettir.

Af þessum rökum verður að telja næsta ólíklegt, að oftgreindum undantekningarákvæðum sje ætlað að ná til slíkra afnota hreppsfélags og hjer en ræðir og getur því lögtaksbeiðnin ekki orðið tekin til greina.